



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Laufásborg

2020-2021



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	3
1. Greinargerð leikskólastýra.....	3
2. Innra mat.....	6
3. Ytra mat.....	7
4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	8
5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	9
6. Foreldrasamvinna.....	10
7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	11
8. Fylgigögn	
a. Umsögn foreldraráðs.....	

Leiðarljós leikskólans:

1. Greinargerð leikskólastýra

Leikskólinn Laufásborg starfar eftir Hjallastefnunni. Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna. Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra. Til að ná þessum markmiðum er áherslan í starfi með börnum á **jafnrétti**, þar sem það eru jöfn tækifæri fyrir öll börn, **sköpun, gleði og kærleik** með áherslu á frumlegt og óvenjulegt starf með hugmyndaauðgi og ímyndunarafli og **lýðræði** með áherslu á virðingu og frelsi.

Góður skóli er reistur á hverjum degi og skóli er fólkið sem er þar. Óhætt er að halda því fram að á Laufásborg sé einvalið góðs fólks með mikla starfsreynslu. Þverfagleg samvinna einkennir starfsmannahópinn þar sem hér starfar fólk með ólíka menntun, styrkleika og bakgrunn en öll eigum við það sameiginlegt að starfa hér af eldmóði og af heilum hug eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Það er mikill stöðugleiki í starfsfólksmálum skólans og hér er góður kjarni starfsfólks sem hefur starfað eftir Hjallastefnunni í tólf til 25 ár. Skólaárið 2019-2020 var nýliðun í hópnum fámenn en góðmenn.

Það mældist mikil ánægja með starf okkar í foreldra- og starfsmannakönnuninni sem var lögð fyrir í lok október 2019 (sjá fylgiskjal b.). Við erum afar stolt af okkar starfi og þeim meðbyr sem við finnum í okkar dýrmæta foreldrahópi en það er einstakur hópur áhugasamra foreldra sem stendur að skólanum.

Á þessu skólaári fór hvert og eitt okkar í gegnum þjálfunaráætlun Hjallastefnunnar. Þjálfunaráætlunin er níu vikna ferli þar sem gefa þarf sér allt að klukkustund á dag til að ná góðum tökum á efninu. Lesa þarf sér til í Handbók Hjallastefnunnar þar sem tilgreint er námsefni hverrar viku og horfa á myndbönd í gegnum Google Classroom. Sú hæfni sem lögð er inn í hverri viku er æfð í starfi og leik með börnunum og í lok hverrar viku gerir starfsfólk rafrænt sjálfsmat. Við vorum ofsalega ánægð með þessa þjálfunaráætlun og að allt starfsfólk skólans hafi lesið handbók Hjallastefnunnar og hafi þannig góða innsýn í starfsþætti stefnunnar og viti vel til hvers er ætlast til í starfi. Eins og við öll vitum að þá er vinna með börnum og foreldrum þeirra afar krefjandi verkefni og hentar einungis þeim sem hafa brennandi áhuga á að skapa leikheim með lausnum þar sem verkefni sem þjálfarni í daglegu lífi eru fyrirrúmi.

Höfuðeinkenni Hjallastefnunnar eru loturnar sex. Hver lota stendur yfir í fjórar vikur og er eitt orð á viku lagt inn. Við vinnum markvisst eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar og starfsfólk einbeitir sér í heila viku að hverju hugtaki fyrir sig.

1. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
2. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning
3. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða
4. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni
5. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
6. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Öll börn skólans fá enskukennslu í lotum. Enskukennari heimsækir skólann eina viku í mánuði og hittir öll born skólans, í mislangan tíma eftir aldri. Á yngri kjörnunum hittir enskukennarinn stúlkur og drengi sér, kennarinn hittir allan hópinn í einu í samveru, en samverurnar eru í kringum tíu mínútur á dag. Á eldri kjörnunum tekur kennarinn hvern hóp fyrir sig (fjórir hópar á hverjum kjarna) og er með innlögn. Eins skiptist enskukennarinn á að vera með valfundi og á val tíma á eldri kjörnunum.

Fimm ára starfið okkar er blómlegt og gott. Fimm ára starf í leikskólum Hjallastefnunnar er leikskólastarf með viðbótum sem venjulega tilheyrja grunnskólastiginu. Fimm ára starfið tekur það besta úr hefðum beggja skólastiga og ætlað að leggja grunn fyrir fyrsta bekk grunnskólans. Langflest fimm ára barnanna eru orðin læs enda búið að leggja inn bókstafi eftir hljóðaaðferðinni í vetur og komin með góðan talnaskilning og æfingu í einföldum reikniaðgerðum. Fimm ára börnin eru dugleg að fara í ýmsar ferðir og heimsækja söfn, skráðgarða og hina ýmsu menningarviðburði. Þau eru eins og önnur börn skólans í daglegri kynjablöndun og fara þau alltaf með vinkonum og vinum í ferðirnar sínar. Ánægjuleg blöndun gerir samskipti við hitt kynið eftirsóknarvert.

Okkar framlag til Barnamenningarhátíðarinnar vorið 2020 var vísnað og geisladiskur. Frá árinu 2008 hefur Steindór Andersen komið okkar til að kenna börnunum kveðskap. Í kverinu eru vísur sem börnin hafa verið að syngja.

Skákkennslan á Laufásborg hefur verið þróunarstarf í leikskólanum síðustu átta ár. Tvisvar hafa elstu börn skólans farið á mót úti í heimi, EM og HM. Það stóð til að fara til Krítar í ár á heimsmeistaramót en það féll niður vegna kórónuveirufaraldursins.

Stytting vinnuvikunnar fór af stað í apríl 2018 og hófum við því skólaárið síðastliðið haust með klukkustundar viðverustyttingu alls starfsfólks en allt starfsfólk skólans er í 100% starfi.

Helstu markmið verkefnisins eru:

- Að auka starfsánægju meðal starfsfólks
- Að koma betur til móts við barnafjölskyldur og auka frítíma starfsfólks
- Að minnka álag á starfsfólk
- Að fækka fjarvistum vegna veikinda
- Að draga úr fjarveru starfsfólks á vinnutíma
- Að minnka brottfall vegna álagstengdra vandamála
- Að draga úr starfsmannaveltu
- Að lengja starfstíma kennara og auka lífsgæði þeirra

f

Það er gríðarleg ánægja með vinnustyttinguna. Verkefnið hefur gefist afar vel og langflestum ofangreindum markmiðum hefur verið náð. Niðurstöður ánægjukönnunar starfsfólks sýndi að starfsfólk er afar ánægt með sinn vinnutíma og starfsánægja er mjög mikil meðal okkar starfsfólks. Það sama hefur sýnt sig í öðrum skólum Hjallstefnunnar en vinnustyttingin hefur verið innleidd í alla leikskóla Hjallstefnunnar með góðum árangri.

2. Innra mat

Á komandi skólaári munum við leggja mikla áherslu á að skerpa okkur í hjallískum starfsháttum, alltaf má gott bæta og góð vísir er aldrei of oft kveðin. Markmiðið er einnig að ná vel til allra nýliðna og upplýsa þá vel um starfshætti Hjallastefnunnar. Allt starfsfólk skólans hefur nú farið í gegnum þjálfunaráætlun Hjallastefnunnar og munum við á starfsfólksfundum okkar fara í gegnum einstaka þætti stefnunnar, svo sem bleiku og bláu sliðjuna, kjörnun kjarna, hópatímaverkefni og áherslur í hópatímum í lotum. Mikilvægt er að við séum öll samstíga og samtaka og að nýliðar upplifi fá góða og haldbæra fræðslu í hjallískum fræðum.

Umhverfismál eru okkur alltaf hugleikin og við erum nú þegar að gera margt gott í þeim málum. Við notum okkar eigin taupoka undir óhrein föt, flokkum allt rusl sem fellur til í skólanum, búum til okkar eigið músli, búum til hafragraut og svo framvegis. Matarsóun má vera minni og viljum við bæta okkur þar og einnig stefnum við á að að hætta með alla plastpoka. Hver kjarni ber ábyrgð á að bæta sína umgengni en kjarnar skólans eru fjórir.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Skerpa okkur í hjallískum fræðum	Að allt starfsfólk skólans, vant starfsfólk sem og nýliðar, sé vel að sér í hjallískum starfsháttum.	Einstakir þættir handbókarinnar verða teknir fyrir á starfsfólksfundum í formi fræðslu og umræðna.	Skólaárið 2020-2021.	Leikskólastýrur skólans.	Vorið 2021 mun allt starfsfólk skólans fara í gegnum níu vikna þjálfunaráætlun Hjalla-stefnunnar.	Í lok skólaárs gerir hvert og eitt okkar sjálfsmat sem felst í að svara spurningum úr handbók Hjalla-stefnunnar.
Umhverfismál	Bæta okkur í umhverfisvænum starfsháttum.	Skipta út plastpokum fyrir maíspoka. Draga úr matarsóun, setja minna á diskana og elda minna af mat.	Skólaárið 2020-2021.	Leikskólastýrur skólans og hver og einn kjarni.	Nota starfsfólksfundina til að fara yfir árangur hvers kjarna.	Að verða eins umhverfisvænn skóli og mögulegt er.

3. Ytra mat

Á hverju ári er gerð bæði starfsfólks- og foreldrakönnun í öllum skólum Hjallastefnunnar. Með þessum könnunum fást mikilvægar upplýsingar sem hægt er að nýta til innra mats.

Foreldrakönnunin er send til foreldra með tölvupósti og niðurstöðurnar nýttar til að sjá hvað við erum að gera vel og hvað mætti betur fara. Okkar útgangspunktur er traust og góð samvinna við foreldra. Á þann hátt byggjum við upp samfélag þar sem foreldrar og starfsfólk vinnur saman að hag barnanna. Farið var yfir niðurstöður foreldrakönnunar á starfsfólksfundum og voru umbótaatriðin tekin sérstaklega fyrir. Niðurstaða könnunarinnar var að foreldrar voru almennt afskaplega ánægðir með skólann. Við erum dugleg að minna foreldra á að það er alltaf í boði að tala við okkur, að það sé í boði að hringja, senda póst, panta viðtal en í könnuninni kom fram óöryggi nokkurra foreldra varðandi að spjalla við okkur um líðan barnsins í skólanum. Við getum því bætt okkur í upplýsingaflæði. Helstu niðurstöður könnunarinnar sýndu að 99% foreldra myndu mæla með leikskólanum við vini og fjölskyldu. Það sem fólk var sérstaklega ánægt með var starfsfólkið, maturinn, falleg samskipti á milli kennara og barna, skólafötin og vettlingaáskriftin.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Upplýsingaflæði	Að foreldrar séu vel upplýstir og meðvitaðir um líðan barnsins í skólanum.	Að nota Karellen appið betur.	Skólaárið 2020 til 2021.	Skólastýrur og kjarnarnir.	Foreldrakönnun skólaárið 2020-2021, spjall á reglulegum starfsfólksfundum.	Enn betri niðurstöður um upplýsingaflæði í foreldrakönnun.

4. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á önn. Á þessu ári fóru viðtölin fram vorið 2020.

Starfsfólk Laufásborgar hefur sótt ýmsa fræðslu á þessu skólaári. Í haust kom doktor Ólöf Júlíusdóttir til okkar og kynnti fyrir okkur doktorsverkefnið sitt, “Valdaójafnvægi kynjanna”. Í október 2019 hlýddi allt starfsfólk skólans á fyrirlestur Baldurs Loga Einarssonar, sálfræðingi hjá Litlu kvíðameðferðarstöðinni, um kvíða barna. Foreldrum skólans var boðið að vera með okkur og sköpuðust mjög áhugaverðar umræður eftir fræðsluna. Í janúar á þessur ári kom Edda Björgvinsdóttir til okkar og flutti fyrirlestur um hómor á vinnustað. Hún lagði ýmsar æfingar fyrir okkur, skipti okkur í litla hópa eftir kjörnum og hópurinn fann út styrkleika hvers og eins í hópnum. Á starfsfólksfundum erum við ávallt að skerpa á hjallískum fræðum, það er þeirri hugmyndafræði sem við störfum eftir. Á hverju hausti er haustráðstefna Hjallastefnunnar þar sem starfsfólk úr öllum skólum Hjallastefnunnar og af öllu landinu kemur saman og fræðist um ýmsa þætti tengda hjallískum starfsháttum. Starfsfólk á okkar vegum sótti námskeið, meðal annars “Hver hugar að heilsu þinni kona góð”.

5. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn Laufásborg og Barnaskóli Hjallastefnunnar í Reykjavík eru í góðu samstarfi. Fimm ára börnin í leikskólanum Öskju eru á sér kjarna í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Við förum reglulega í heimsókn til þeirra og brúum þannig bilið á milli leikskóla og grunnskóla. Fimm ára börnin okkar fá að taka aðeins þátt í barnaskólastarfinu, bæði í hópatímum og með því að fara í einfaldari útgáfu af þeim smiðjum sem grunnskólabörnin fara í eins og listgreinasmiðju, stjörnufræði og heimilisfræði. Fimm ára börnin okkar eru því vel undirbúin ef þau byrja í 1. bekk í Barnaskólanum í Reykjavík.

Börn sem fara í aðra skóla en Barnaskóla Hjallastefnunnar fara með sínum foreldrum í heimsókn í sinn hverfis-skóla.

6. Foreldrasamvinna

Leikskólar Hjallastefnunnar setja samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólabarnanna í öndvegi. Foreldrar eru alltaf velkomnir í skólann. Tvisvar á ári stendur foreldrafélag skólans fyrir viðburðum þar sem öll börn skólans og fjölskyldur þeirra eru hjartanlega velkomnar, það er sumarhátíð í júlíbyrjun og ljósahátíð að vetri til. Fyrir jólin bjóða eldri kjarnarnir fjölskyldum sínum á friðarstund, börnin syngja fyrir fjölskyldur sína og bjóða upp á heimabakaðar piparkökur.

Foreldrafélag skólans vinnur þétt með skólanum í allri þróun og standa fyrir ýmsum skemmtilegum viðburðum fyrir börnin, leikrit fyrir jólin, tónleikum og ýmis konar öðru foreldraframlagi.

Hjallastefnuskólar starfa eftir ákveðnum matarstöðlum, það er allt unnið frá grunni, lífrænt og heilnæmt. Fiskur tvisvar í viku, kjöt einu sinni í viku, ávextir á hverjum degi, hafragrautur og heimager múslí með jógúrt, heimabakað súrdeigsbrauð. Komið er til móts við allar óskir fjölskyldna, hvort sem það tengist lífstíl eða ofnæmi. Alltaf er boðið upp á vegan og grænmetisfæði.

Foreldraráð er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Í foreldraráð er kosið að hausti ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfsáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og í því sitja fjórir foreldrar og eru því fulltrúar frá öllum kjörnum. Foreldrafélagið stendur fyrir margvíslegum uppákomum sem gleðja börnin yfir skólaárið og einnig hefur félagið boðið upp á fræðslufundi fyrir foreldra, einu sinni til tvisvar yfir skólaárið. Foreldrafélagið hefur einnig gefið leikskólanum ýmsar gjafir eins og myndavélar sem nýttust skólanum vel og tré í garðinn okkar.

Foreldraviðtöl fara fram í nóvember og mars ár hvert. Foreldraviðtöl fara fram á laugardögum og hefur það gefist vel. Þessir dagar hafa verið sérstaklega hátíðlegir fyrir okkur, við höfum boðið foreldrum upp á sögusýningu og vöflukaffi. Það sem okkur hefur fundist svo frábært við að hafa foreldraviðtöl á laugardögum er að þá hafa báðir foreldrar haft tækifæri til að mæta í rólegheitum. Í tengslum við þessi foreldraviðtöl fylla kennarar út gátlista yfir þroskastöðu barna, félagslega stöðu þeirra og gengi í leikskólanum sem síðan er kynntur foreldrum í foreldraviðtölunum.

7. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Sjá skóladagatal –

Ýmsar dagsetningar eiga eftir að koma inn á leikskóladagatalið, svo sem örnámskeið fyrir foreldra, fræðslukvöld á vegum foreldrafélagsins, jólaleikrit fyrir börnin, Barnamenningarhátíðin og ýmislegt fleira.

Endurmenntun kennara verður ákveðin á starfsdegi 17. ágúst 2020. Lögð verður sérstök áhersla á mannrækt og jafnrétti kynjanna í endurmenntun starfsfólks á næsta skólaári.



Skóladagatal Laufásborgar 2020 - 2021

	ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L		1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F Nýársdagur	1 M	1 M	1 F Skírdagur	1 L	1 Þ	1 F
2 S	Friðagur verslunarmanna	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F Föstudagurinn langi	2 S HM í skólaskák. 2-11 maí	2 M	2 F
3 M		3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ		4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S Páskadagur	4 Þ	4 F	4 S
5 M		5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M Annar í páskum	5 M	5 L	5 M
6 F		6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ Áræðnilota	6 F	6 S	6 Þ
7 F		7 M	7 M	7 L	7 M	7 F Ljósahátíð	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L		8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S		9 M Kynning á 5 ára námi	9 F	9 M Samskiptalota	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M Sumarhátíð	9 F
10 M		10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ		11 F	11 S	11 M	11 F Friðarstundir á eldri kjörnu	11 M Jákvaðnilota	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M		12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F		13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F Uppstigningardagur	13 S	13 Þ
14 F		14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L		15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M Vináttulota/ bolludagur	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S		16 M	16 F Hauststefna Hjallastefnun	16 M	16 M	16 L	16 Þ Sprengidagur	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	Agalota	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M Öskudagsgleði	17 M	17 L	17 M	17 F Lýðveldisdagurinn	17 L
18 Þ	Nýtt og fallegt skólaár hefst	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M		19 L	19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F Kvæðakona kemur	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M Skólaok- Sumarfrí
20 F		20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ Barnamenningarhátíð	20 F	20 S	20 Þ
21 F		21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S Konudagur	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L		22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F Bóndadagur. Kvæðamaði	22 M Laufásborg lokuð	22 M	22 F Sumardagurinn fyrsti	22 L	22 Þ	22 F
23 S		23 M	23 F	23 M	23 M Þorláksmessa- Jólafrí	23 L	23 Þ Laufásborg lokuð	23 Þ	23 F	23 S Hvítasunnudagur	23 M	23 F
24 M		24 F	24 L	24 Þ	24 F Aðfangadagur	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M Annar í Hvítasunnu	24 F	24 L
25 Þ		25 F	25 S	25 M	25 F Jóladagur	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ Vorferð 5 ára barna	25 F	25 S
26 M		26 L	26 M	26 F	26 L Annar í jólum	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F		27 S	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F		28 M Sjálfstæðislota	28 M	28 L	28 M Jólafrí	28 F	28 S	28 S Pálmásunnudagur	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L		29 Þ	29 F	29 S Aðventa í friði og ró	29 Þ Jólafrí	29 F		29 M Laufásborg lokuð	29 F	29 L	29 Þ	29 F
30 S		30 M	30 F	30 M	30 M Jólafrí	30 L		30 Þ Laufásborg lokuð	30 F	30 S	30 M	30 F
31 M			31 L		31 F Gamlársdagur	31 S		31 M Laufásborg lokuð		31 M		31 L

Reykjavík 6. ágúst 2020

Umsögn foreldraráðs Laufásborgar vegna starfsáætlunar skólans fyrir skólaárið 2020-2021

Foreldraráð Laufásborgar hefur fundar um starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 og er það mat foreldraráðsins að starfsáætlunin sé vel unnin og framsækin í heild sinni.

Varðandi einstök atriði þá má í dæmaskyni nefna eftirfarandi þætti sem foreldraráðið er sérstaklega ánægt með:

- a) Að við endurmenntun starfsmanna verði lög sérstök áhersla á mannrækt og jafnrétti kynjanna.
- b) Að fylgt sé ákveðnum matarstöðlum þannig að allt sé unnið frá grunni, lífrænt og heilnæmt, og enn fremur að komið sé til móts við sérþarfir svo sem vegna veganfæðis.
- c) Að umhverfismál séu leikskólanum hugleikin og að allt rusl sé flokkað, taupokar nýttir fyrir óhreint fót og einnig að til standi að minnka matarsóun og hætta alfarið með plastpoka.

Starfsáætlunin er í samræmi við góða starf sem unnið hefur verið á leikskólanum undanfarin ár og gefur foreldraráðið áætluninni sín bestu meðmæli.

Fyrir hönd foreldraráðs Auður Kamma Einarsdóttir